

Alifuglarækt Reykjabúsins, Heiðarbæ 2 Þingvöllum

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 23. febrúar 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Reykjabúinu um alifuglarækt að Heiðarbæ 2 á Þingvöllum í Bláskógabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.07 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skógar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Greinargerð, Reykjabúið. Starfsemi að Heiðarbæ 2. Verkhof-Reykjabúið. 30. janúar 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð dags. 3. apríl 2024
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 20. mars 2024
- Landi og skógi dags. 8. apríl 2024
- Matvælastofnun dags. 28. febrúar 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 20. mars 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. mars 2024

Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Í greinargerð Reykjabúsins kemur fram að kjúklingabúið hafi verið með starfsleyfi frá Matvælastofnun en ekki hafi verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar um framkvæmdina þ.e. byrjað var á rekstri Reykjabúsins 2009 án þess að málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram. Starfsleyfi fáist ekki endurnýjað fyrr en þeirri málsmeðferð sé lokið. Það sé því ekki verið að ráðast í framkvæmdir heldur gera grein fyrir starfseminni áður en kemur að endurnýjun starfsleyfis.

Mannvirki og rekstur. Í greinargerð kemur fram að kjúklingaframleiðslan sé í 550 m² húsi sem hafi á sínum tíma verið reist fyrir svínarækt. Í húsinu er rými fyrir 12.000 kjúklinga og þar eru fóðrunar- og brynningakerfi. En tvö fóðursíló eru við húsið og sérstakt haughús er tengt við húsið.

Meðferð kjúklingaskíts. Í greinargerð kemur fram að húsið sé mokað og þvegið stafnanna á milli á milli eldishópa. Árlega falli til um 95.000 kg af kjúklingaskít. En hann fer til uppgræðslu utan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns. Þvottavatn fari í lokað haughús sem sé losað reglulega. Dýrahæ séu geymd í gám á gámasvæði í landi Heiðarbæjar. Nánari upplýsingar um starfsemina eru í greinargerð framkvæmdaraðila.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Reykjabúsins og umsögnum umsagnaraðila.

Meðferð skíts og áhrif á Þingvallavatn

Náttúrufræðistofnun bendir í umsögn sinni á að þar sem búið sé staðsett innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns sé mjög mikilvægt að gera kröfur um að mengun frá búinu berist ekki í vatnið. Fyrirkomulag fráveitu og meðferð úrgangs skipti þar höfuð máli sem og almennar mengunarvarnir í og við búið. Miðað við upplýsingar sem komi fram í greinargerð virðast þessi mál vera í góðum farvegi og er t.d. öllum skít safnað saman í haughúsi og síðan dreift til uppgræðslu utan við verndarsvæðið þar sem starfsleyfi er til staðar fyrir losun seyru.

Í umsögn Lands og skógar eru ekki gerðar athugasemdir við að kjúklingaskít sé dreift á mela til uppgræðslu, að því leyti sem melarnir séu utan verndarsvæðis. Bent er á að til að nýta áburðarefnin í skítinum sem best til uppgræðslu sé skynsamlegt að miða við 150kg N/ha eða um 5 tonn af fuglaskít á þriggja ára fresti. Lífrænn áburður losi næringarefnin hægar en tilbúinn áburður og því nýtist áburðargjöf sem þessi gróðrinum auðveldlega í 2-3 ár. Fjölbreyttur gróður taki við sér og með tímanum verði til heilbrigðara vistkerfi.

5 Skipulag og leyfi

Alifuglabúið Heiðarbæ 2 er staðsett á landbúnaðarlandi í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Starfsemin er samkvæmt umsögn Matvælastofnunar með gild starfsleyfi til frumframleiðslu matvæla frá stofnuninni en starfsemin er einnig starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6 Niðurstaða

Um er að ræða endurnýjun starfsleyfis fyrir kjúklingarækt með allt að 12.000 fugla á Heiðarbæ 2 Þingvöllum í Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.07 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til svæða sem hafa sögulegt gildi, landslagsheilda og upprunalegs gróðurlendis, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Kjúklingaræktin að Heiðarbæ 2 er lítil að umfangi. Um er að ræða allt að 12.000 fugla í einu 550 m² húsi. Miðað við framlögð gögn framkvæmdaraðila og umsagnir um þau má ætla að rekstrinum sé vel komið fyrir. Helstu umhverfisáhrifin eru staðbundin. Annars vegar vegna lykta í næsta nágrenni kjúklingahússins og hauggeymslunnar sem og vegna dreifingar skíts. Þar sem kjúklingaeldið er innan



vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns er mjög brýnt að afrennsli frá þeim úrgangi sem fellur til við reksturinn berist ekki í vatnið. Meðferð kjúklingaskíts er vel komið fyrir þar sem skíturinn er notaður til uppgræðslu utan verndarsvæðis vatnsins. Lyktaráhrifa frá búinu gætir í næsta nágrenni húsanna auk þess sem dreifing skíts hefur í för með sér tímabundið ónæði vegna óþefs. Eldishúsið er byggt fyrir löngu og því sjónræn áhrif mannvirkja komin fram. En engin áhrif starfseminnar eru varanleg eða óafturkræf.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun minnir leyfisveitendur og framkvæmdaraðila á að samkvæmt 25. grein laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er óheimilt að gefa út leyfi til framkvæmdar sem fellur undir lög þessi fyrr en álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar skv. 24. gr. liggur fyrir eða ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. um að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati. En sambærileg ákvæði voru í eldri lögum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. maí 2024.

Reykjavík, 11. apríl 2024

Jón Ágúst Jónsson

Sigurður Ásbjörnsson

